

Mál nr. 285/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna stórkostlegs gáleysis vegna slyss 2. apríl 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. ágúst 2015.

Málsatvik.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögregla var kölluð á vettvang slyss á Álfabakka 2. apríl 2014. Sjáanleg ákoma var á hægri framhurð bifreiðarinnar X og ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðarinnar, sem bætt er skv. hlutlægni bótareglu umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 88. gr. laganna. Í lögregluskýrslu er haft eftir tveimur vitnum sem segja bæði að M hafi komið hlaupandi inn á milli bifreiða á hægri akrein Álfabakka og hlaupið þaðan á bifreiðina X sem hafi komið akandi eftir vinstri akrein á lítilli ferð. Í sérstakri framburðarskýrslu af ökumanni bifreiðarinnar X kemur fram að hann segist hafa verið á um 30-40 km hraða þegar M hafi komið hlaupandi á bifreið hennar. Í sömu skýrslu kemur fram að haft var samband við M sjálfan og þar kemur fram að hann segist ekki hafa tekið eftir bifreiðinni X á vinstri akrein og ekki náða að stöðva sig og lent á bifreiðinni.

V telur óumdeilt, og vísar þar til bæði framburðar ökumanns bifreiðarinnar X og vitna, sem og framburðar M sjálfs, að M hafi hlaupið á milli bifreiða á hægri akrein Álfabakka og út á vinstri akrein þar sem hann hafi hlaupið á bifreiðina X. V telur að með þeirri háttsemi hafi M sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og eigi þar með að skerða bætur til hans um helming.

M telur að hann eigi rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Í fyrsta lagi telur M að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig mögulega takmörkun á ábyrgð þar sem V hafi ekki tilkynnt um það án ástæðulauss dráttar í skilningi 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í öðru lagi telur M að sú háttsemi hans að ganga yfir götuna feli ekki í sér stórkostlegt gáleysi og að það sé rangt að það hafi verið mikil umferð bifreiða, einnig mótmælir M framburði vitna um að hann hafi hlaupið á bifreiðina X. Vísar M þá til þess að hann hafi fengið slæman kramningsáverka á rist og bendi það til þess að bifreiðinni X hafi verið ekið yfir hann.

Álit.

Í 94. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að ef félagið hyggst bera fyrri sig að það sé „samkvæmt ákvæðum þessa kafla laust úr ábyrgð“ þurfi það að tilkynna um þá afstöðu skriflega og án ástæðulauss dráttar. Sú tilvísun sem þarna er til „þessa kafla“ er til XIII. kafla laganna um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. V byggir hins vegar ekki á ákvæði í þeim kafla laganna til takmörkunar á ábyrgð heldur 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Þegar af þeirri ástæður verður ekki fallist á tilvísun M til 94. gr. laga um vátryggingarsamninga og ekki fjallað frekar um skilyrði hennar.

Í lýsingum ökumanns bifreiðarinnar X, sem og lýsingum tveggja vitna, kemur skýrt fram að M hafi hlaupið út á hægri akrein á Álfabakka inn á milli bíla í bílaröð og þannig beint inn á vinstri akrein og á bifreiðina X. Teljast slíkar lýsingar ganga framar seinni túlkunum M á því sem gerðist. Verður að fallast á að sú háttsemi að hlaupa út á götu með þessum hætti feli í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu M og V heimilt að takmarka ábyrgð sína um helming m.t.t. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en bætur til hans skerðast um helming.

Reykjavík 8. september 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.